

## Gjöld:

104

1. Fyrir bækur . . . . .	165 72
2. » bókband . . . . .	66 78
3. » ritaukaskrá . . . . .	190 34
4. » bókasafnsstofuna 6. afborgun . . . . .	100 00
5. Bókavarðarlaun . . . . .	50 00
6. Annar kostnaður . . . . .	28 16
7. Eptirstöðvar við árslok: Óborguð tillög . . . . .	9 00
	<hr/> 610 00

Skrifstofu Norðuramtsins og Austuramtsins, 1. marz 1892.

*J. Havsteen.*

**Amtsráðið í austuramtinu gjörir kunnugt:** Samkvæmt lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, er hjer með staðfest og löggilt eptirfylgjandi

105

## REGLUGJÖRÐ

fyrir Suður-Múlasýslu um refaveiðar, notkun afrjetta, fjallskil m. fl., sem samin er af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. jan. 1893.

I. *Um hreinsun afrjetta og heimalanda frá dýrbíti.*

## 1. gr.

Allir búendur, sem sauðfje eiga, eru skyldir að gjöra þrjár grenjaleitir hvert vor í heimalöndum og afrjettum hveurrar sveitar. Skal hreppsnefndin ákveða leitardaga hvert sinn, nokkrum dögum fyrirfram með seðli, og hverjir búendur skuli leggja menn til leitar á afrjettir og ákveða leitarsvæði. Skal engu ráða um þessa kvöð, hverjir afrjettina nota, þó þannig, að þetta á ekki við þar, sem tveir eða fleiri afrjettir tilheyra sömu sveit (hrepp), því þar, sem svo stendur á, skal hreppsnefnd helst láta hvern leita í þeirri afrjett, sem hann notar. Rjett er hreppsnefnd að kveðja tvo menn til leitar frá þeim, sem flest fje eiga og liðflestir eru. Enda er henni rjett, að veita nokkrum bágstöddum einyrkjum undanþágu frá sumum grenjaleitum í afrjett. Leitir í heimalöndum skal hún ákveða jafnframt. Þar má hún undantaka sum þau heimalönd, sem svo eru litil, að heita má, að daglega sje um þau gengið, enda sjeu þar eigi grenjastöðvar og landið nái ekki til fjalls.

Refaleitardaga skal ákveða aðra í heimalöndum og aðra í afrjettum, nema hvorttveggja verði hæglega leitað sama dag.

Nú hlýðir búandi ei fyrirmælum hreppsnefndar, að leggja mann í grenjaleitir ákveðna daga, og er hann þá sekur 5 til 10 kr., er hann vanrækir að leggja mann í grenjaleit. Sama varðar, ef búandi leggur til ónýtan mann í leit. Ræður um það álit leitarföngja, hversu nýtur sá var.

Nú kemur upp dýrbítur eptir allar grenjaleitar, og skipar þá hreppsnefnd nýjar leitir, ákveður tölu leitarmanna og hverjir leita skuli. Rjett er, að

105 þeim, sem í þær leitir leggja, sje goldinn tilkostnaður þeirra úr sveitarsjóði eptir sanngjörnum reikningi.

2. gr.

Grenjaleitarmenn á hverju afrjettarsvæði skulu kjósa sjer leitarforingja, nema hreppsnefnd hafi áður gjört það. Ber öllum í hverri leit að hlýða fyrir-mælum leitarforingja. Skyldur er hver að taka við kosningu sem leitarforingi, ella sekur um 1—5 krónur.

3. gr.

Hreppsnefndin skal útvega skotmenn nógu snemma hvert vor, einn eða fleiri á greni, sem finnast kynni í heimalöndum eða afrjettum sveitarinnar, og eru menn skyldir að láta sig fala, gegn sanngjarnri borgun, nema þeir sanni lögleg forföll. Búandi, sem greni finnst í landi hans, skal leggja til vökumann á greni með skotmanni gegn borgun. Nú hefir hann eigi nýtan mann til, og ákveður þá hreppsnefnd annan, eða búandi útvegar hann.

4. gr.

Þegar greni finnst, skal fara með það, þangað til skotmaður kemur, eptir fyrirsögn leitarforingja, og hafi hann til þess ákveðna reglu í sveitarsamþykkt.

Nú veikist skotmaður eða fatlast á annan hátt, svo hann verður að yfirgefa greni, skal hann tafarlaust tilkynna það hreppsnefnd; en vökumaður annast greni, þar til hreppsnefnd gjörir ráðstafanir á ný.

Sýni skotmaður eða vökumaður skaðlega vanrækt um vinnzlu grens, og það verður sannað, missa þeir af kaupi eptir málavöxtum, eptir því sem hreppsnefnd ákveður. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndar.

5. gr.

Skotmaður skal fá 3 kr. fyrir fyrra dýrið, er hann vinnur á greni, og 5 krónur fyrir hið síðara, en 50 aura fyrir yrðling hvern, auk daglauna; sanna verður hann fyrir hreppsnefnd, að hann hafi unnið dýrin.

Nú sýna einhverjir sveitamenn dugnað í því að eyða refum með dýrhundum, skotum úr skothúsum, dýrabogum, gildrum eða með því að ganga uppi refi og skjóta þá o. s. frv., skal borga þeim 6 kr. fyrir hvert unnið dýr; það greiðist úr sýslusjóði. Bani maður tóu (á þennan hátt) og vilji laun fyrir taka, skal hann sýna skinnið hreppstjóra eða oddvita, er þá brennir eða sker mark í ilveginn, og gefur síðan vottorð um.

6. gr.

Til að eyða refum skal og bera út eitur, eitrad kjöt, grotta eða hvað annað, er henta þykir, á haustum og vetrum, á afrjettir sveitarinnar og á fjöll, sem að henni liggja. Skal hreppsnefnd á hausti hverju skipa menn til að framkvæma það, og segja fyrir um staði og aðferð við eitrunina.

Sýni hreppsnefnd, eða þeir, er hún skipar til að framkvæma eiturútburð vanrækslu í því, varðar það sektum.

7. gr.

Alla reikninga um kostnað til refaveiða á grenjum og við eiturútburð skulu þeir, sem að því vinna og verja fje til, leggja fram fyrir hreppsnefndina

hvert ár fyrir hausthreppamót. Skal nefndin yfirfara þessa reikninga og laga þá þar, sem þess þykir þurfa, og samþykkja þá síðan. Kjósa má hún búendur 1 eða fleiri með sjer til að endurskoða reikningana og stinga upp á breytingum. Allan kostnað til refaveiða, annan en þann, sem um er talað í síðari kafla 5. greinar, skal borga af sveitarsjóði; endurborga skulu afrjettarbændur, sem afrjettartoll taka, sjóðnum helming þess, sem af honum er borgað fyrir greni í þeirra afrjettarlöndum, þó aldrei meira en nemur hálfum afrjettartolli. Þeir skulu og skyldir vera að bera út eitur á sína afrjetti borgunarlaust. Eitur og það sem eitrað er má borga þeim. Sama skal og gilda með eiturútburð í heimalöndum. Öðrum, sem eigi ráða afrjettum, má greiða borgun fyrir eiturútburð á afrjettir.

## II. *Um fjármörk.*

### 8. gr.

Hver fjáreigandi skal hafa eyrnamark fyrir sig á fje sínu, og brennimark eða önnur skýlaus einkenni, ef hann vill og mark verður óglögg. Sama mark (eða annað) skal hann hafa á hestum sínum, ef hann vill marka. Mark sitt skal hann marka svo skýrt, að auðþekkt sje.

Hver hreppur skal eiga mark og brennimark.

### 9. gr.

Hver hreppsnefnd skal mörkum safna til nýrrar markaskrár fimmta hvert ár á vetri eptir nýár; skal þá hver, sem eyrnamark á, brennimark eða einkenni á fje eða gripum, segja til þess, og láta vandlega rita, og greiða ákveðna borgun fyrir mark sitt og einkenni. Hreppsnefnd raðar mörkum niður í sín um hreppi eptir fyrir mælum sýslunefndar, og lætur þá skrá liggja til sýnis hreppsþúum í tvær vikur, sem skal auglýst með sedli; afhendir síðan sýslunefnd á vofundi; þá kýs sýslunefnd menn til að raða skipulega niður mörkum sýslunnar og annast um prentun skrárinnar.

### 10. gr.

Nú er samt ekki mark einhvers í skránni og enginn rjettarmanna þekkir mark hans, skulu rjettarstjórar fara með það fje eins og óskilafje. Komi eigandi síðar til, fær hann fje sitt, en borgar allan kostnað sem fyrir því hefur hafður verið, og auk þess hæfilega þóknun, er renni í sveitarsjóð þess hrepps, sem fjeð er í, fyrir vanrækslu sína. Geti hann sannað, að hann hafi ekki vanrækt skyldu sína samkv. 9. og 11. gr., er hann sýkn.

### 11. gr.

Þegar einhver tekur upp mark, eptir að safnað er mörkum til markaskrár, og áður en til nýrrar er safnað, eða kemur að með mark inn í sýsluna, þá skal hann þegar auglýsa það nefnd síns hrepps og öðrum hreppsnefndum sýslunnar, svo og hið sama næstu hreppum hinnar sýslunnar, og skulu þær sjá um, að slíkt mark verði inn fært í markaskrá hvers rjettarbónda. Ef hann vanrækir það, fer, sem segir í 10. gr., að fje hans er óskilafje; þó má hann fá það borgunarlaust, er hann kemur til, ef mark hans er í gildandi markaskrá næstu sýslu. Nú ber það til, að mark verður rangprentað í markaskrá,

**105** og skal eigandi þegar auglýsa það sinni hreppsnefnd og hinum öðrum nefndum sýslunnar. Nú sannast, að mark er misprentað, og eigandi ekki hefur getað lagfært það, eða að hreppsnefnd hefur vanrækt að láta innfæra í rjettar markaskrár, og er þá eigandi vítalaus.

Um sam-mörk fjáreigenda gildir það, sem á er kveðið í landsleigubálki Jónsb. 48. kapitula.

### III. *Um notkun afrjettu.*

#### 12. gr.

Afrjett er þar, sem venja hefur verið, enda sje eigi búsmala haldið þar á sumrum að staðaldri, og eptir því skal í hverri sveit aðgreina afrjettarlönd og heimalönd og ákveða takmörk. Til þess skulu bændur kjósa 3 kunnuga hreppsmenn. Skulu þau takmörk gilda, er þeir ákveða. Rjett er að kjósa til þessa 3 menn í tveimur eða fleiri stöðum í víðlendum hreppum. Ákvæði gjörðarmanna skulu rituð í gjörðabók hreppsins, eða geymd við skjalasafn hans.

#### 13. gr.

Hver búandi er skyldur til að reka geldfje sitt og lömb og þeirra, sem hjá honum eiga fje, á einhverja sveitarafjett ellegar á afrjett annara sveita, og er honum það heimilt. Sekt varðar, ef hann sleppir geldfje sínu í heimalandi. Hún skal ekki lægri vera en 4 aurar fyrir hverja kind. Þó má hreppsnefnd leyfa undanþágu frá þessari reglu, þar sem afrjettarlönd eru þröng, en heimalönd víðlend.

#### 14. gr.

Nú getur fjáreigandi hvergi fengið afrjett, sem hann getur rekið fje sitt á, þá skal hann segja til hreppsnefnd og skora á hana, að útvega sjer afrjett. Vinnist henni það eigi, er honum vítalauast að hafa fje sitt í heimalandi. En varast skal hann að reka það í annara land eða að þeim.

Skyldur er búandi að reka á afrjett, sem fæzt, sje hún ekki meira en hálfá þingmannaleið á burtu.

#### 15. gr.

Þegar fje rennur á sumrum úr afrjett í heimalönd, svo spillir málnytu og engjum búenda, mega þeir, sem fyrir átroðningi verða, kveðja næstu búendur, er á þá afrjett ráku, er fje rann úr, til að leggja mann til að reka fje á afrjett af nýju; þó skulu utansveitarmenn lausir við þá kvöð. Skyldir eru þeir, sem næst búa afrjett, að varna geldfje, hvað þeir geta án verulegs tilkostnaðar, að renna út um sveit.

#### 16. gr.

Nú þykir 2 eða fleiri búendum ofsett geldfje á eina sveitarafjett fram- ar en aðra, og bera það upp fyrir hreppsnefnd, þá skal hún láta búendur kjósa 3 menn til að gjöra áætlun um, eptir kunnugleikum og því, sem reynzt hefur, hversu margt fje sú afrjett muni bera til góðra nota. Þessa áætlun auglýsir hreppsnefnd hreppsbum og afrjettarbónda, og skal hún rituð í gjörðabók hreppsins. Ber afrjettarbónda að haga fjártöku í afrjettina eptir þeirri áætlun. Sekt varðar, ef hann tekur hundradi fleira, en ákveðið var, í afrjettina. Um upphæð hagatolla verður að fara eptir því, sem tíðkast hefur í hverri sveit; 2 til 6 aurar fyrir kind.

(Framh.).

## Út komið í A-deild Stjórnartíðindanna:

*Auglýsing* um austurlenzka kólerusótt á Þýzkalandi og í höfnum á Frakklandi, og Belgíu og fl., undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 5. sept. 1892 (A. n. 13., bls. 28—31).

*Konungleg auglýsing* um að konungur sje kominn heim aptur, undirskrifuð af konungi 4. sept. 1892 (A. n. 14., bls. 32—33).

*Auglýsing* um austurlenzka kólerusótt í höfnum á Hollandi og fl., undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 28. sept. 1892 (A. n. 15., bls. 34—37).

### REGLUGJÖRD

105

fyrir Suður-Múlasýslu um refaveiðar, notkun afrjetta, fjallskil m. fl.  
(Framh.).

#### 17. gr.

Ef búandi rekur eða lætur reka fje sitt heimildarlaust í annars manns heimaland eða afrjett, má landráðandi bera sig upp um það fyrir hjeradsdómara.

#### IV. Um fjallgöngur.

##### 18. gr.

Fjórar skulu fjallgöngur hvert haust. Skal byrja hina fyrstu í allri Suður-Múlasýslu á mánudag í 22. viku sumars, hina aðra á mánudag í 23. viku sumars, hina þriðju á mánudag í 24. viku sumars og hina fjórðu á mánudag í 25. viku sumars. Ef veður bannar göngu eða ónýtir á rjettum göngudögum, skal taka næsta dag, er veður leyfir. — Skipa má hreppsnefnd aukagöngur, þegar hún álitur nauðsyn til bera eða aðalgöngur misheppnast; eru þá og þeir menn, sem hún ákveður, skyldir til að leggja menn í þær göngur.

##### 19. gr.

Skipa mega hreppsnefndir eina eða fleiri löggöngur hvert vor, þegar safna þarf geldfje til rúningar, og skulu oddvitar hreppsnefnda koma sjer fyrirfram saman um göngudaga, þar sem samgöngur fjár eru sveita milli.

##### 20. gr.

Hreppsnefnd skal kveðja menn með gönguseðlum nógu snemma fyrir fram til hverrar göngu, ákveða þar hverjir ganga skuli hvert afrjettarsvæði og kjósa gangnaforingja eða fela það á hendur hverjum flokki gangnamanna.

Enginn má skorast undan gangnaforustu nema hann sje löglega hindradur. Sektum varðar, ef móti er brotið.

Í sömu seðlum skal og ákveða göngudaga í heimalöndum og skulu þeir vera sömu daga og á afrjettum.

#### V. Um skyldur búanda við fjallgöngur.

##### 21. gr.

Skyldur er hver hreppsúi, sem er sjálfum sjer ráðandi og á fjalli á

24. dag októbermán. 1892.

**105** minnst 10 kindur, að leggja til í 4 fjallgöngur mann hvert haust og aukagöngur, þá hreppsnefnd ákveður. Skyldur er hver að hreinsa heimaland sitt. Skal hver hreppsnefnd, er hún ákveður leitarmenn eptir 20. gr., sem mest fara eptir fjárhæð manna. Þar skal hver ganga, sem hreppsnefnd ákveður.

22. gr.

Veita má hreppsnefnd bágstöddum einyrkjum og heilsulitlum undanþágu frá einni eða fleiri göngum. Sömu leiðis þeim, er mjög fátt fje eiga.

23. gr.

Nú hefur búandi engann göngufæran mann, og skal hann þá fá annan mann fyrir sig.

24. gr.

Þar sem afrjettir eru víðlendar, og hreppsnefnd þykir þurfa skal á kostnað sveitarinnar byggja göngukofa á hentugum stöðum, svo göngumenn geti notið þar húsaskjól þegar þarf, meðan á göngum stendur. Þeir kofar skulu vera svo rúmgóðir, að í þeim geti verið allir þeir menn, sem þá afrjett þurfa að ganga. Skulu þrep vera umhverfis í þeim inni eða með annari hlið, svo breið, að menn geti legið á þversum, og hafa á þeim hey eða lyng til mýkinda; svo skal ganga frá dyrum, að eigi fenni inn á veturnum. Tópt skal byggja hjá gangnakofum til að hýsa í um nótt kindur, sem finnast í seinni göngum, þá menn þrýtur dag til að ná til byggða.

25. gr.

Enginn fjáreigandi má skorast undan að leggja menn í þær göngur, sem hjer eru ákveðnar, og hreppsnefnd nefnir menn til. Leggi hann eigi liðgengan mann í hverja af þeim, er hann sekur um 1 til 12 kr. fyrir hverja göngu, er hann lætur mann vanta í, nema hann hafi undanþágu fengið. Sömu sekt skal varða, ef hann lætur ónýtan mann í löggöngur, eða þeim mun minni, sem heldur verður not að ljettingi, er hann sendir. Skal um það mestu ráða vottorð gangnaforingja. Enda er hann aðili þessara mála.

26. gr.

Nú eiga einhverjir búendur fje á afrjettum annara hreppa og verður að leggja þangað menn í göngur. Skulu þeir engu að síður skyldir til að hreinsa sín heimalönd og leggja menn í allar göngur í sínum hreppi, eptir því og þar, sem hreppsnefnd ákveður, nema þeir hafi ekki getað fengið afrjett í sínum hrepp, og hafi fengið vottorð hreppsnefndar þar um, eða þeir sanni, að sú afrjett sje ofhláðin. Veita má hreppsnefnd undanþágu frá þessari ákvörðun, ef henni virðist ástæða til.

## VI. Um gangnaforingja.

27. gr.

Þeir sem ganga eiga hverja afrjett eða hverja samgöngu, skulu koma saman á næsta bæ henni eða í göngukofa, ef hann er til, næsta dag fyrir göngudag; þar skulu þeir kjósa, ef hreppsnefnd hefir ekki áður kosið, gangnaforingja þann, sem vel er kunnugur afrjettinni og kenndur er að ráðdeild og gætni.

Fatlist gangnaforingi, kjósa leitarmenn annan úr sínum flokki í hans stað. **105**

## 28. gr.

Þegar gangnaforingi er kosinn, skal hann skipta liði sínu og ákveða hvar hverjir skuli ganga, hvað langt og hverjir skuli færa fjeð saman eptir landslagi. Hann ákveður og, hverjir gæta skuli fundins fjár, og hverjir gjöra viðari leitir. Enda eiga gangnamenn hans ráða að leita, ef til hans nær, meðan á göngum stendur, og nýrra úrræða þurfa. Allir í samleit eru skyldir að hlýða gönguforingja, meðan á göngum stendur, og bregða eigi út af meðan fært er. Sektum varðar, ef göngumenn óhlýðnast skipun gangnaforingja.

## 29. gr.

Nú spillist veður eða göngur ónýttast fyrsta göngudaginn, og skal þá gangnaforingi skipa nýja leit hinn næsta eða næstu daga, þá veður leyfir, og eigi hverfa frá fyrr en svo er hreinsuð afrjettin, sem kostur er að því sinni.

## 30. gr.

Þegar gangnaforingi vanrækir svo skyldur sínar að mjög sýnist vítavert, varðar það sektum eptir málavöxtum.

VII. *Um rjettir og fjárdrátt.*

## 31. gr.

Lögrjettir skulu vera í hverjum hrepp þar sem verið hafa eða hreppsnefnd ákveður nú með ráði búenda. Þær rjettir skulu byggja og þeim viðhalda þeir hreppsþúar, sem þær nota helzt og þeim eru næstir, eptir fyrirmælum hreppsnefndar. Þegar lögrjett skal byggja eða bæta kveður hreppsnefnd til þeirra starfa þá menn, sem þeirri rjett eiga uppi að halda, og svo marga, sem hún ætlar til þurfa. Rjettarbóndi skal stýra þeim verkum eða sá, sem hreppsnefnd ákveður. Ef sá kemur eigi til rjettarhleðslu, sem kvaddur er, þá skal hann greiða 4 krónur fyrir hvert dagsverk, er honum ber að vinna.

## 32. gr.

Til sveitarrjettar skal allt fje rekast á haustum, þá gengið er á sama degi úr afrjettum og heimalöndum, er til hvernarr rjettar liggja, og draga það þar sundur eptir mörkum og einkunn, sem markaskrár og dráttarmenn segja til.

## 33. gr.

Rjettarstjóri skal vera við hverja sveitarrjett, þá dregið er. Hann skal hreppsnefnd velja og setja.

Rjettarstjóri skal segja fyrir, hvernig draga skuli, hvaða fje fyrst og eptir hvaða röð; hann skal hafa í höndum markaskrá sýslunnar og hinna næstu sýslna, svo og hið sama skriflegar marklýsingar, er til hreppsnefndar hafa komið og ekki eru áður innfærðar í markaskrá hreppsins. Þegar allt hreppsfe og hinna næstu hreppa, sem menn eru til að taka á móti, er úr dregið, svo úrtíningurinn er eptir, skal rjettarstjóri fá til tvo eða fleiri gætna menn og markglögga, að draga úr honum allt það fje, sem eigendur finnast að, og ráðstafar hann því í rekstra í þær áttir, er helzt á við, en því fje, sem enginn

**105** finnst eigandi að, ráðstafar hann til hreppsnefndaroddvita, eða þess manns, er hreppsnefnd hefir falið á hendur að veita því móttöku og annast það. Allir dráttarmenn í sveitarrjettum eru skyldir að hlýða fyrirmælum rjettarstjóra um fjárdrátt og annað, sem þar að lýtur. Sektum varðar öll óhlýðni við hann þessu erindi viðvíkjandi.

#### 34. gr.

Þegar fje kemur fram í haustrjettum, sem enginn veit hver á, markað eða ómarkað, þá skal rjettarstjóri skora á dráttarmenn, að leita eptir mæðrum, sem helgi sjer ómerkinga. Nú verða þær eigi fundnar og lætur hann þá þegar auðkenna ómerkinga hreppsmarki eða brennimarki hrepps, en merktu kindurnar lagði eða lit, verði ekki komið á þær að minnsta kosti brennimarki hreppsins, og skrifar nákvæma lýsingu marka og einkenna á þeim. Eptirrit af þeirri lýsingu skal hann senda þá þegar oddvita, sem aptur sendir lýsingarnar með fyrstu ferð oddvitum hreppsnefnda í næstu hreppum; vel má og hreppsnefndaroddviti bíða þess, að hann fái lýsingar af óskilakindum saman af öllum sveitarrjettum, og sendir hann þá eptirrit af þeim í allar næstu sveitir oddvitum þar. Sama ber og að gjöra, ef óskilakindur koma fram í hreppnum eptir rjettir; þær skal afhenda hreppsnefnd til umsjóunar.

### VIII. Um rekstra.

#### 35. gr.

Utansveitarfje það, sem enginn er til að taka á móti í sveitarrjettum, skal dregið í rekstra eptir því, sem það á samleið til, og rekið hrepp úr hreppi beinustu leið til eigenda, þannig að hreppsþúar hvers hrepps annist rekstur þess um sinn hrepp og til næsta bæjar í næsta hreppi, sem rekstur á leið um.

#### 36. gr.

Þeir, sem taka við rekstrum hjá haustrjettum, skulu reka þá þangað, sem rjettarstjóri mælir fyrir, og eins og hann ákveður. Hann skal láta sedla um mark og eigendur fylgja kindum, sem mark þeirra er ekki í markatöflum sýslunnar, ef hann veit það af markaseðlum.

#### 37. gr.

Enginn búandi skal láta fje annara manna vera saman við sitt fje lengur en hann fær hjá komizt, heldur skilja það úr og láta reka til næsta bæjar í þær áttir, sem eigendur eru. Sedil um mörk og eigendur skal hann láta fylgja þeim kindum, sem vafamörk eru á; viti hann eigi hver á, þá skal hann reka það fje áleiðis til oddvita hreppsnefndar.

#### 38. gr.

Þegar rekstur kemur á bæ skal búandi eða annar í hans stað rannsaka kindurnar og sedla, ef fylgja, og taka úr ef rangrekið er, og stefna í rjettar áttir. Nú er enginn rekstrarfær maður heima, er rekstur kemur á bæ, og skal þá rekstrarmaður skilja úr fje, sem eptir skal verða, en reki svo rekstur áfram til næsta rekstrarfærs manns, en heimti endurgjald af bónda. Það sem áfram á að halda skal reka tafarlaust til næstu bæja, ef fje er hvorki

þreytt nje hungrað, beita því og gefa hey ef þarf, að öðrum kosti; þannig skal reka og fara með þangað til hver eigandi fær sitt. Eina kind er eigi skylt að reka; skal búandi geyma hana sem sitt fje og láta eiganda vita. Fari annar rekstur í sömu átt, skal hann koma kindinni í hann, ef þess er kostur. 105

## 39. gr.

Það skal vera aðalregla um meðferð á rekstrum, að hver fari svo vel með þá, sem hann eigi, reki hvorki hart, meiði eða ofþreyti, svelti eigi, láti eigi standa inni í illum húsum eða úti í fárviðrum. Lýsingarseðlum, sem rekstrum fylgja, má enginn týna; afhendi þá með rekstrunum. Ef öðruvísi er farið með rekstra varðar það sekt eptir málavöxtum.

## 40. gr.

Enginn má sleppa rekstrum eða týna af þeim; varðar sektum, ef upp kemst.

## 41. gr.

Nú kemur fram utansveitarfje eptir göngur, og skal sá, er finnur, tafarlaust segja til þess oddvita hreppsnefndar, og ráðstafar hann því fje eptir málavöxtum.

## 42. gr.

Þegar áfelli dettur á, svo hýsa þurfi og gefa utansveitarfje, sem er í hreppnum, áður en löggöngur eru úti, þá skal þar hirða sem það er statt, þegar áfelli dettur á, nema hreppsnefnd skipi öðruvísi fyrir, þangað til kostur verður að koma því til eigenda. Borgun fyrir hjúkrun þess fjár má greiða þeim, er það taka, eptir sanngjörnum reikningi. Það skal gjöra af sveitarsjóði þess hrepps, er fjeð á heima í.

Kostnað á utansveitarfje, sem kemur fyrir eptir löggöngur, svo sem hey, hirðing og rekstur hreppa á milli, skal borga úr sveitarsjóði þess hrepps er fjeð er í, gegn endurgjaldi úr sveitarsjóði þess hrepps sem fjeð á heima í, eptir sanngjörnum reikningi, en sveitarsjóður þar á aptur aðgang að eigendum fjárens.

IX. *Um óskilafje.*

## 43. gr.

Það er skylda hvers manns, er finnur dilka ómarkaða á sumrum, og hann getur handsamað dilk og móður, að marka dilk móðurmarki á eyrum, eða hornum.

## 44. gr.

Þegar lýsing á óskilafje er komið til oddvita hreppsnefndar, skal hann auglýsa hana sem fyrst í sínum hreppi, með því að láta eptirrit af henni berast bæ frá bæ, eða á annan hátt, sem hreppsnefnd þar þykir bezt henta. Nú finnst eigandi þar að óskilakind, og auglýsir oddviti það hreppsnefnd þar sem óskilakindur eru, og gjörir ráðstöfun fyrir að kindin verði sótt.

## 45. gr.

Komi áfelli áður en óskilafje er selt, skulu þeir, sem fjeð er hjá, ann-

**105** ast það eptir föngum; allan kostnað til óskilafjár skal borga í bráð af sveitar-sjóði, þegar hreppsnefnd hefir samþykkt hann.

46. gr.

Ef eigi spyrjast upp eigendur að óskilafje fyrir Marteinsmessu skal hreppstjóri selja það með reglulegu uppboði eptir fyrirmælum hreppsnefndar. Þó skal í uppboðsskilmálum hafa þann fyrirvara, að hinn fyrri eigandi geti fengið aptur kindur sínar, ef hann fyrir nýjár sannar, að hann ekki í neinu hafi vanrækt skyldu sína með mark sitt og lýsingu þess, eptir þessarar reglu-gjörðar II. kafla.

Drepist óskilakind á tímabilinu frá uppboði til nýjárs, verður það skaði markeiganda, ef uppspyrst, eða þá hreppssjóds, nema handvömm sje um að kenna.

47. gr.

Mörk og einkenni á óskilafje því, sem selt var í hreppnum, sendir odd-viti sýslumanni fyrir nýjár ár hvert, en hann annast um að það verði birt í ein- hverju dagblaði, gegn borgun úr sýslusjóði.

#### X. Um sektir.

48. gr.

Fyrir brot gegn reglugjörð þessari koma sektir frá 1 til 100 krónur, nema þyngri hegning liggi við eptir öðrum lögum; má uppljóstarmaður, ef nokkur er, hljóta allt að því helming sektafjárins.

Með afbrot gegn reglugjörð þessari skal farið sem almenn lög- reglumál.

49. gr.

Ef hreppsnefnd vanrækir skyldur þær, sem henni eru á herðar lagðar í reglugjörð þessari, þá ber það mál undir sýslunefnd, og skal meðfarið, sem fyrir er mælt í 38. grein tilskipunar 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi.

Amtsráð Austuramtsins, 4. dag júlím. 1892.

*J. Havsteen.*

*Einar Jónsson.*

*Sigurður Einarsson.*

## Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Suðuramtinu 5.—6. júlí 1892.

Ar 1892 hinn 4. dag júlímánaðar átti amtsráðið í Suðuramtinu fund með sjer á skrifstofu amtmannsins í Suðuramtinu. Á fundinum voru mættir hinn setti amtmaður í Suðuramtinu, assessor Kristján Jónsson, amtsráðsmaður Vestur-Skaptafellssýslu, sýslumaður Guðlaugur Guðmundsson, amtsráðsmaður Rangár-vallasýslu, sýslumaður Páll Briem, amtsráðsmaður Árnassýslu, Ísleifur prestur Gíslason, amtsráðsmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, Þórður hreppstjóri Guð-mundsson á Neðra-Hálsi, amtsráðsmaður Borgarfjarðarsýslu, Guðmundur pró-fastur Helgason. Amtsráðsmaður Austur-Skaptafellssýslu, Þorgrímur læknir Þórðarson, var ekki mættur og hafði engin forföll tilkynnt.